Frjálst framboð í Hafnarfirði:

Er ekki tilkomið vegna pólitískra ágreiningsefna

— segir Einar Þ. Mathiesen, efsti maður á listanum

FÉLAGIÐ „Frjálst framboð", sem stofnað var í Hafnarfirði hinn 24. apríl síðastliðinn, hefur ákveðið framboðslista við bæjarstjórnarkosningarnar, sem fram fara 31. maí næstkomandi. Efsti maður á framboðslistanum er Einar Þ. Mathiesen, sem verið hefur bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins undafarin 3 kjörtímabil, eða í 12 ár, en hann átti jafnframt sæti í bæjarráði fyrir Sjálfstæðisflokkinn síðasta kjörtímabil.

Einar sagði í samtali við Morgunblaðið að upphaf þessa máls mætti rekja til þeirrar ákvörðunar að efna ekki til prófkjörs í Hafnarfirði fyrir þessar kosningar eins og gert hefði verið víðast hvar á landinu. „Ég var hlyntur prófkjöri, en því var hafnað og uppstillingarnefnd ákvað listann. Þar var engum fulltrúa minnihlutans stillt upp og í framhaldi af því var þetta frjálsa framboð ákveðið," sagði Einar. „Ég áleit, að með prófkjöri hefði fengist úr því skorið hver væri vilji sjálfstæðismanna um skipan framboðslistans, en hinir bæjarfulltrúarnir voru á annarri skoðun. Það gengur hins vegar ekki til lengdar að öll sjónarmið fimm sjálfstæðra bæjarfulltrúa séu sveigð undir einn vilja, í stað þess að reyna að samræma sjónarmið. Hins vegar vil ég undirstrika að þetta framboð er ekki tilkomið vegna pólitískra ágreiningsefna og að þessu framboði standa stuðningsmenn mínir, bæði flokksbundnir sjálfstæðismenn og aðrir stuðningsmenn sem ekki eru flokksbundnir," sagði Einar.

Framboðslisti Frjálsa framboðsins er eftirfarandi:

Einar Þ. Mathiesen, framkv.stj., Smárahvammi 18. Ólafur Proppé, lektor, Hringbraut 48. Guðrún Lárusdóttir, útgerðarmaður, Birkihvammi 3. Bjarni Hafsteinn Geirsson, húsasm., Lækjarkinn 30. Margrét B. Flygenring, húsmóðir, Reykjavíkurvegi 39. Ólafur Ingi Tómasson, slökkvil.m., Fjóluhvammi 9. Anna Kristín Jóhannesdóttir, kennari, Sunnuvegi 4. Kristinn Guðnason, sölustjóri, Miðvangi 67. Kolbrún Jónsdóttir, skrifstofumaður, Heiðvangi 60. Hans Linnet, vélstjóri, Svöluhrauni 2. Guðríður St. Sigurðardóttir, nemi, Háabarði 7. Magnús Aadnegard, verkstjóri, Ljósabergi 12. Anna Vala Arnardóttir, setjari, Merkurgötu 2B. Jón H. Hafsteinsson, verkamaður, Bröttukinn 18. Guðrún Eiríksdóttir, húsmóðir, Fögrukinn 10. Hinrik V. Jónsson, vélvirki, Þrúðvangi 3. Svanhvít Aðalsteinsdóttir, húsmóðir, Urðarstíg 1. Árni Jónsson, vörubifreiðastjóri, Holtsgötu 13. Sesselja Zóphóníasdóttir, húsmóðir, Brekkugötu 14. Jóhann Þorfinnsson, verzlunarmaður, Álfaskeiði 98. Sigurjón Már Guðmannsson, sendibifr.stj., Ljósabergi 36. Gunnar Sigurðsson, skipasmiður, Smyrlahrauni 45.



Morgunblaðið/Örjan Diesz

Í mótttöku í Grieg-höllinni sátu þau Eiríkur Hauksson, Helga Möller og Pálmi Gunnarsson í gær fyrir svörum ásamt hljómsveitarstjóranum Gunnari Þórðarsyni og lagahöfundinum Magnúsi Eiríkssyni. Blaðamenn lögðu fjölda spurninga fyrir Icy-hópinn.

Úrslitin í Eurovision-keppninni ráðast í kvöld

Bergen. Frá Halldóru Rafnar, blaðamanni Morgunblaðsins.

31. SÖNGVAKEPPNI evrópskra sjónvarpsstöðva, sem ætlað er að örva samningu vandaðra dægurlaga og texta, fer fam í Grieg-höllinni í Bergen í kvöld. Fulltrúar 20 landa taka þátt í keppninni sem verður sjónvarpað beint til rúmlega 500 milljóna áhorfenda. Mikil spenna og eftirvænting hefur ríkt og stóru spurningunni — hver fer með sigur af hólmi — verður svarað í kvöld.

Bergen hefur verið í hátíðarbúningi frá því á laugardaginn var. Fánar og ýmsar skreytingar hafa prýtt borgina og úti- og innisamkomur af margvíslegu tagi hafa verið haldnar. Norðmenn hafa notað tækifærið til að kynna sögu sína, menningu og atvinnulíf.

Starfsmenn norska ríkisútvarpsins og yfirvöld í Bergen hafa í marga mánuði undirbúið keppnina og atburði henni tengda.

Í kvöld verður sjónvarpað beint frá Grieg-höllinni og hefur þurft að leysa mörg tæknileg vandamál í því sambandi. Frá bílunum umhverfis höllina verður sent eftir krókaleiðum til nokkurra gervihnatta er flytja munu útsendinguna til allra Evrópulandanna nema Austur-Þýskalands og Albaníu, er ekki hafa viljað senda út keppnina. Tyrkir, Ísraelsmenn, Kýpurbúar, Jórdanir og Ástralíubúar munu einnig sjá keppnina í beinni útsendingu og Suður-Kórea og e.t.v. fleiri aðilar sýna hana seinna. Ef eitthvað bregður út af verða vararásir til staðar. Talsímasamband verður við löndin 20, þegar að stigagjöfinni kemur.

Kleveland verður kynnir

Kynnir í kvöld verður Åse Kleveland, formaður félags norskra hljómlistarmanna. Hún keppti fyrir hönd Noregs í söngvakeppninni 1966 og lenti þá í 3. sæti. Åse hefur stjórnað mörgum beinum útsendingum fyrir norska sjónvarpið, setið í ýmsum nefndum og ráðum og verið nefnd sem líklegur menntamálaráðherra Noregs. Hún flutti aðalræðuna á útifundinum í Bergen 1. maí.

Öryggisráðstafanir er hafa verið miklar í og við Grieg-höllina hafa verið efldar mjög síðustu daga. Er blaðamaður Morgunblaðsins spurði hvort einhverjar sérstakar ástæður væru fyrir því, hvort einhverjar hótanir um ofbeldisverk hefðu e.t.v. borist vörðust lögreglumenn allra frétta. Sögðu aðeins að þetta væri viðamesta verkefni sem lögreglan í Bergen hefði fengið og þeir vildu leysa það sem best af hendi. Talsmenn Greenpeace-samtakanna boðuðu til blaðamannafundar hér í Bergen á miðvikudag og áttu von á góðri fundarsókn. Nokkrir norskir fréttamenn mættu á fundinn, en engir aðrir. Þegar Greenpeace-mennirnir voru spurðir hvort þeir ætluðu að efna til mótmæla við Grieghöllina þvertóku þeir ekki fyrir það.

Icy hefur fengið tilboð

Icy-söngflokkurinn, Eiríkur Hauksson, Helga Möller og Pálmi Gunnarsson segjast áforma að syngja áfram saman og hafa þau fengið ýmis tilboð er þau munu skoða nánar. Þau segja að flestir fréttamennirnir spyrji hvers vegna Íslendingar hafi ekki tekið þátt í keppninni fyrr og hvort hægt sé að halda keppnina á Íslandi ef Gleðibankinn sigraði. Einnig finnst flestum ótrúlegt að svo fámenn þjóð sem Íslendingar geti sent frá sér alíslenskt framlag, því margar þjóðanna 20 hafa fengið til liðs við sig listamenn af öðru þjóðerni. Þau segja að þessi tæpa vika í Bergen hafi verið erfið en skemmtileg. Þau séu þakklát fyrir þetta tækifæri og reyni að koma fram sem verðugir fulltrúar íslensku þjóðarinnar. Pálmi og Eiríkur fengu vott af flensu um það leyti sem haldið var út en eru nú orðnir stálslegnir. Íslenski hópurinn hefur komist í gott vinfengi við írska, finnska, hollenska, kýpverska og tyrkneska söngfólkið. Tyrknesku söngkonurnar sögðu við blaðamann Mbl. að þær vonuðust til þess að Íslendingarnir ynnu. Í svipaðan streng tók Max Cuningham, fyrirliði Luv Bug frá Írlandi, og spáði hann því að íslenska lagið næði langt.

Tilfinningar mínar til Íslands birtast í myndunum

— segir Nína Gautadóttir sem opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag

NÍNA Gautadóttir opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag klukkan 14.00. Þar sýnir hún 41 akrílmálverk sem öll eru máluð á síðasta ári. Nína hefur áður tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og fjórum sinnum unnið til verðlauna á alþjóðlegum sýningum. Þetta er 7. einkasýning hennar.

Nína hefur áður fengist við veflist, leður og höggmyndir auk málaralistar. Blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við Nínu í tilefni af opnun sýningarinnar og var hún fyrst spurð að því hvort hún hefði nú snúið sér alfarið að málverkinu.

„Ég tók lokapróf í málaralist," sagði Nína, „en ég lagði málverkið á hillunna meðan ég var að fikra mig áfram. Nú er ég aftur tekin til við að mála."


Þess má geta að Nína stundaði nám í Ecole Nationale Supérieure des Beaux-Arts í París árin 1971-1976. Næstu ár á eftir stundaði hún framhaldsnám í sama skóla í höggmyndalist og listvefnaði.

— Hófst þitt myndlistarnám í Frakklandi?

„Ég lærði hjúkrun og vann við það starf í eitt ár áður en ég fór til Parísar. En á meðan ég var í hjúkrunarnáminu lærði ég myndlist á kvöldin."

Nína hefur lengi búið í París, en auk þess hefur hún dvalið í Níger í Afríku um tveggja ára skeið og í Cameroun í Afríku frá því síðastliðið haust. Þar sýndi hún á vegum frönsku menningarmiðstöðvarinnar þar í landi, sömu verk og eru á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

„Þessi sýning vakti mikla athygli í Cameroun. Ég býst við að það sé vegna þess að hún er ólík því sem fólkið hefur áður séð. Þetta eru allt abstrakt málverk en það hefur trúlega búist við að sjá myndir af húsum og fólki. Ég sæki myndefnið mikið í náttúruna. Ég hef líka tekið eftir því að í myndum mínum birtast tilfinningar mínar til Íslands. Og það finnst mér gott. Kannski sakna ég kuldans hér þegar ég er í Cameroun. Annars vinn ég í loftkældri vinnustofu og hef mikinn vinnufrið og að því leyti líkar mér vel að vinna þarna. Ég hef líka þá trú að það hafi góð áhrif á mig að vera mikið á ferðinni. Ég verð stöðugt fyrir nýjum áhrifum."



Nína Gautadóttir

Þetta er í þriðja sinn sem Nína sýnir hér á landi. Hún sýndi veflistarverk á Kjarvalsstöðum árið 1980 og leðurverk sem hún vann í Níger í Listmunahúsinu árið 1983.

Sýningin stendur til 19. maí og er opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00.

Ljósmyndasýningin, Pílagrímar í Jerúsalem, verður einnig opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Hún er haldin á vegum ísraelska sendiráðsins í Osló og félagsins Ísland-Ísrael. Myndirnar eru eftir svissneska ljósmyndarann Leonardo Bezzola og sýna spor sem pílagrímar hafa skilið eftir sig í Jerúsalem í gegnum aldirnar. Þetta er farandsýning og hefur verið sett upp víða. Hingað kemur hún frá Hollandi. Sýningin stendur til 19. maí og er opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00.

Garður:

Piltur á vélhjóli slasast

PILTUR á vélhjóli hlaut alvarlegan höfuðáverka eftir árekstur við vörubifreið í Garðinum um hádegisbilið á föstudag. Pilturinn var fluttur í sjúkrahús í Keflavík og síðan á Borgarspítalann í Reykjavík. Ekki fengust nánari upplýsingar um líðan hans er eftir því var leitað í gærkvöldi.